

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 111/2020

frá 14. júlí 2020

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins (ESB) 2018/131 frá 23. janúar 2018 um framkvæmd samningsins sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um breytingar á tilskipun 2009/13/EB í samræmi við breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, 2006, eins og þær voru samþykktar á Alþjóðavinnumálalaginu þann 11. júní 2014 ⁽¹⁾.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 32j (tilskipun ráðsins 2009/13/EB):

„, breytt með:

– **32018 L 0131:** Tilskipun ráðsins (ESB) 2018/131 frá 23. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 28).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 32n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/54/ESB):

„32o. **32018 L 0131:** Tilskipun ráðsins (ESB) 2018/131 frá 23. janúar 2018 um framkvæmd samningsins sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um breytingar á tilskipun 2009/13/EB í samræmi við breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, 2006, eins og þær voru samþykktar á Alþjóðavinnumálalaginu þann 11. júní 2014 (Stjtið. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 28.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2018/131, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.